

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Fundargerð 126. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis, miðvikudaginn 11. desember 2019 kl: 12:30, haldinn á skrifstofu eftirlitsins í Bolungarvík. Mætt voru: Anton Helgason, Kristján G. Jóakimsson, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Jón Reynir Sigurvinson og Hólmfríður Vala Svavarsdóttir. Jón Hörður Elíasson, Hlynur Reynisson og Eva Dögg Jóhannesdóttir tóku þátt í gegnum síma.

Dagskrá:

1 Breyting á aðalskipulagi Súðavíkurrhepps 2018-2030. Formlegt erindi Hafliða Halldórssonar beint til heilbrigðisnefndar Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (HEVF): Varðar embættisfærslur og aðgerðir heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna ólögætrar og stórfelldrar mengandi starfsemi á Garðstöðum í Súðavíkurrheppi síðastliðin 22 ár.

Erindi í þremur póstum hafa borist til heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar, Ráðgert var að taka erindi fyrir á fundi þann 5. desember en þá kom í ljós að ekki var hægt að fjalla um bréf nema allir hefðu sama bréf til umfjöllunar. Bréfaskriftir Hafliða Halldórssonar eru tilkomnar vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga í Súðavíkurrheppi. Skipulagsbreytingin er til komin vegna áforma Íslenska Kalkpörungafélagsins um að reisa verksmiðju á lóð við Langeyri í Álftarfirði. Jafnframt er lagt til að jörðin Garðstaðir verði gerð að iðnaðarlóð. Kalkpörungaverksmiðja er starfrækt á Bíldudal. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi en bendir á að verksmiðjan á Bíldudal hefur aldrei staðist kröfur í starfsleyfi. Varðandi Garðstaði þá þurfi samkvæmt lögmanni Súðavíkurrhepps að breyta aðalskipulagi til að hægt sé að veita starfsleyfi. Eina stjórnvaldsákvörðun heilbrigðisnefndar í máli Garðstaða var að hafna umsókn um starfsleyfi á grundvelli ósamræmis við skipulag.

Heilbrigðisnefnd fjallaði um erindi HH á fundi sínum og hafnar órökstuddum dylgjum í garð nefndarmanna og starfsmanna HEVF Efnislega snýst bréf HH um áhyggjur af umhverfismálum á afmörkuðum stað. Engar stjórnvaldsákvæðanir hafa verið teknar.

1.

Svör við spurningum Hafliða Halldórssonar í bréfi sent til formanns heilbrigðisnefndar Vestfjarða dagsett 03.12.2019:

1. Er það stefna heilbrigðisnefndarinnar að starfsemi sú sem er á Garðstöðum verði áfram rekin í skjóli nefndarinnar og verði ekki látin lúta sömu reglum og lögum og aðrir staðir á starfssvæði nefndarinnar?

Svar: Starfsemi á Garðsstöðum er ekki rekin í skjóli heilbrigðisnefndar.

2. Hefur heilbrigðisnefnd rætt málefni Garðstaða, formlegar og óformlegar kvartanir eigenda Ögurs, á fundum sínum frá febrúar 2014?

Svar: Garðstaðir hafa ekki verið formlega til umræðu í heilbrigðisnefnd eftir árið 2014.

3. Getur formaður heilbrigðisnefndar staðfest að hæfi innan heilbrigðisnefndar Vestfjarða sé hafið yfir allan grun?

Svar: Ef einstaka nefndarmaður telur sig vanhæfan til að fjalla um einstök mál þá vikur hann af fundi. Varðandi Garðstaði, enginn starfsmaður né nefndarmaður er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.

4. Beitti heilbrigðisnefnd sér fyrir því að Súðavíkurreppur, eitt vestfirskra sveitarfélaga, stæði utan við „Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða“ sem var samþykkt 2015?

Svar: Nei. Það tók 10 ár að fá samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Vestfjarða hjá þeim 8 sveitarfélögum sem að henni standa. Súðavíkurreppur hafði möguleika á þátttöku eins og önnur sveitarfélög en kaus að sitja hjá.

5. Hafa einstakir nefndarmenn vikið af fundum nefndarinnar við umræður og afgreiðslu mála vegna hagsmunatengsla, t.d. vegna erinda sem tengjast Garðstöðum?

Svar: Nei enda hefur enginn nefndarmaður hagsmuna að gæta vegna Garðstaða.

6. Hversu margar kvartanir hafa nefndinni borist um bílhræ í einstökum sveitarfélögum á Vestfjörðum frá og með árinu 2014? 7. Hversu mörg slík erindi þarf að jafnaði til að gripið sé til aðgerða og þurfa slík erindi ávallt að vera formleg og skrifuð af lögmönnum?

Svar: ATH Aðgerðir vegna númerslausra bíla og bílhræa hafa verið reglubundnar í Vesturbyggð, Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og í ár bættist Strandabyggð við. Hreinunaraðgerðir eru að ósk sveitarfélaga en ekki endilega vegna kvartana. Forsenda aðgerða er að aðstaða sé fyrir hendi í sveitarfélaginu til að fylgja eftir kröfum heilbrigðiseftirlits. Sveitarfélög óska sjálf eftir að hreinsanir fari fram, enda standa þau straum af kostnaði vegna þeirra.

8. Hver er stjórnsýslulegur ferill og meðferð slíks erindis eftir að það berst nefndinni?

Svar: Farið er eftir verklagsreglu Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um afskipti af númerslausum bifreiðum.

9. Óskað er upplýsinga um leyfisveitingar vegna áramóta-/prettándabrenna á Garðstöðum undanfarin ár og veittar undanþágur frá undirbúningstíma, brennutíma og efnivið brenna?

Svar: Leyfishafi fyrir þrettándabrennu 2011 var Pétur Steingrímsson, árið 2012 var það Þorbjörn Steingrímsson en eftir það hefur leyfishafi verið Súðavíkurreppur. Engar undanþágur hafa verið veittar fyrir brennur á Vestfjörðum.

10. Er heilbrigðisnefnd kunnugt um hvaða efni umfram timbur og pappa verður fargað á áramóta-/ prettándabrennu á Garðstöðum um næstu áramót?

Svar: Heilbrigðiseftirlitið hefur heimsótt brennur og brennustæði og gert athugasemdir við það sem ekki er leyfilegt að fari á brennu.

11. Óskað er eftir upplýsingum um skipan nefndarinnar frá árinu 1996.

Svar: Heilbrigðisnefnd er kjörin á fyrsta Fjórðungspingi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Samtök atvinnulífsins skipa sinn fulltrúa í nefndina.

12. Óskað er eftir upplýsingum um bílhræ í einkaeigu sem umhverfisnefndir vestfirskra sveitarstjórna hafa látið fjarlægja í samstarfi við HEVF frá og með árinu 2014. Hverjir áttu umrædd bílhræ og hvar voru þau? Hver fjarlægði þau og hver bar kostnaðinn af því að fjarlægja þau? Hvert fóru umrædd bílhræ eftir að hafa verið fjarlægð af einkalóðum?

Svar: Sveitarfélög sjá um að fjarlægja bíla bent er á sveitarfélög til að svara þessum spurningum.

Eftirfarandi er kafli um iðnaðarsvæði er í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um drög að tillögu að aðalskipulagsbreytingu Súðavíkurrepps 2018 – 2030..

Í heildarendurskoðun kemur eftirfarandi fram: Tvö ný iðnaðarsvæði eru í nýju aðalskipulagi, annarsvegar Garðstaðir og hinsvegar innan Langeyrar.

Garðsstaðir

“Á jörðinni Garðstöðum skal taka jarðvegssýni og gera mengunarmælingar. Niðurstöðurnar verða grundvöllur fyrir útgáfu starfsleyfis og gerð deiliskipulags vegna reksturs bílapartasölu.” Þorbjörn Seingrímsson hefur safnað bílum og bílhræum á tún jarðarinnar Garðstaða síðustu áratugi, síðast þegar talið var árið 2014 þá voru þar samtals 455 bílhræ. Olía er tæmd af bílum og rafgeymar fjarlægðir. Að

mati heilbrigðiseftirlits stafar ekki bráð mengunarhætta af bílasafninu að Garðstöðum. En bílasafnið er lýti á umhverfinu.

Árið 2004 sótti Þorbjörn um starfsleyfi til reksturs bílapartasölu á Garðstöðum til heilbrigðisnefndar en var hafnað á þeirri forsendu að samkvæmt skipulagi væri um landbúnaðarjörð að ræða og starfsemin samræmdist ekki skipulagi að mati Súðavíkurrepps.

Í gegnum árin hafa verið ýmsir samningar í gangi milli Þorbjörns og Súðavíkurrepps sem hafa miðað af því að fækka bílum en þó umtalsvert magn af brotajárni og bílhlutum hafi árlega verið flutt frá Garðstöðum þá berst jafn mikið af ökutækjaúrgangi inn að Garðstöðum.

Langeyri

Kalkþörungaverksmiðja á Langeyri er eina framkvæmdin sem metin er, því er vert að rifja upp sögu sambærilegrar verksmiðju sem rekin er á Bíldudal. Frá því kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal tók til starfa 2007 hefur heilbrigðiseftirlit Vestfjarða skynjað óánægju íbúa á Bíldudal, vegna mengunar frá verksmiðjunni, annarsvegar vegna hávaða sem er yfir mörkum og hinsvegar vegna kalkkryks. Í áminningarbréfi Umhverfisstofnunar þann 30. apríl 2011 kemur fram að 30 kvartanir hafa borist. Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið kvartanir en vísað þeim til eftirlitsaðila í samræmi við stjórnarsýslulög.

Í skýrslu um matskyldu kemur fram að starfsleyfisgildi vegna rykmengunar upp á 20mg/N₃ sé býsna lágt og gildi borið saman við gildi fyrir mjölverksmiðjur sem er 50mg/N₃. Að mati heilbrigðisfulltrúa er þetta ekki raunhæfur samanburður þar sem annars vegar er kalkkryk sem er mjög ertandi og hinsvegar lífrænt efni. Verksmiðjan hefur nánast aldrei uppfyllt skilyrði sem fram koma í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og sem fram kemur í eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar. Væntanlega hefur Umhverfisstofnun skoðað starfsleyfi sambærilegra verksmiðja á Írlandi áður en starfsleyfi var gefið út.

Eftirlitsskýrslur Umhverfisstofnunar eru allar aðgengilegar á vef stofnunarinnar eftirfarandi punktar eru teknir úr skýrslum Umhverfisstofnunar.

2008 mældist ryklosun 1.151mg/N₃

2009 mældist ryklosun 19 mg/N₃ með nýrri pokasíu

2010 fóru mælingar ekki fram.

2011 mældist ryklosun 33 mg/N₃ ryklosun vel yfir mörkum

2012 mælingar undir mörkum Töluleg gildi ekki gefin upp í eftirlitsskýrslu

2013 mælingar frá rykhreinsibúnaði ekki framkvæmdar

2014 eftirlit eftir kvörtun,

2014 mældist ryklosun 39,2 mg/N₃. Ný mæling undir mörkum eða 18 mg/N₃.

2015 athugasemdir vegna ryks í útblæstri, gruggs í sjó og hljóðmengun frá verksmiðju

2016 Verksmiðjan áminnt þar sem ekki er afsog frá öllum ryk uppsprettum.

2017 Rykmagn í útblæstri yfir mörkum. Ástæða talin vera vatnsskortur Ekki til nægjanlarga mikið neysluvatn fyrir vatnsúðakerfið sem er hluti af hreinsunarbúnaði. Rekstraraðili fullyrti að breytingar á kerfinu spari mikið vatn og kerfið virki nú eins og best verður á kosið. Eins hefur lokað vacuum-flutningskerfi fyrir hráefni komið í stað snigla sem stuðluðu að ryki. Ryk frá eldri þurrkara stenst ekki kröfur. Umhverfisstofnun veitti undanþágu til að varpa fín efni í hafið.

2018 Rykmælingar höfðu ekki farið fram.

Í eftirlitsskýrslum og áminningarbréfum Umhverfisstofnunar koma ítrekað fram kvartanir vegna ryks og vegna hávaða. Þó hljóðmælingar uppfylli skilyrði í starfsleyfi við lóðarmörk þá stoppar hávaðinn ekki við lóðarmörkin heldur berst um þorpið og veldur íbúum óþægindum. Heilbrigðiseftirlitið mældi hávaða í nóvember 2013 þá var jafngildishljóðstig við mörk þess sem má vera við húsvegg að degi til. Mörk fyrir hljóðstig að kvöld og nóttu eru lægri. Verksmiðjan þarf líka að fara eftir reglugerð 724/2008 reglugerð um hávaða, 6. og 8. gr og töflu III.

Vinnsla Kalkþörungna er tímabundin starfsemi þar sem um námugróft er að ræða. Súðavíkingar geta búist við að á starfstíma verksmiðju verði rykmengun frá verksmiðjunni viðvarandi, hávaði yfir mörkum og fínefni frá setþró lekið beint í sjóinn. Telur Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða að ástæða sé til fyrir nýja verksmiðju, að meta sérstaklega útbreiðslu og magn kalkryks í mismunandi fjarlægð frá verksmiðjunni, og teikna hljóðmynd fyrir áhrifasvæði verksmiðjunnar. Taka þarf tillit til þess að stór hluti Súðavíkur er sumarhúsa svæði og hávaða mörk í samræmi við það.

7. fundur

Tillaga að fundadagsetningu 2020

- | | |
|-----------|--------------|
| 1. fundur | 27. febrúar |
| 2. fundur | 28. maí |
| 3. fundur | 28. ágúst |
| 4. fundur | 15. október |
| 5. fundur | 10. desember |